



# Hagvísar Seðlabanka Íslands

Yfirlit um þróun efnahagsmála

19. september 2001

## Yfirlit efnahagsmála

*Mikil hækkun þjónustuliða í vísitölu neysluverðs*  
Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,8% í júlí, 0,3% í ágúst og 0,7% í september. Verðbólga mæld sem 12 mánaða hækkun vísitölunnar jókst úr 6,8% í maí í 8,4% í september. Án húsnæðisliðar var verðbólgan 9% í september. Útsölur á fatnaði og verðlækkun á bensíni drógu úr hækkun vísitölunnar í ágúst, en í fyrra lækkaði vísitalan í mánuðinum um 0,5%, sem skýrir meiri hækkun yfir 12 mánuði. Í september byrjuðu áhrif útsalna svo að ganga til baka og bensínverð hækkaði.

Síðustu mánuði hafa innlendir þættir neysluverðsvísitölunnar hækkað mest. Árstíðarbundnar sveiflur (t.d. fatnaður) og verðlækkun bensíns hafa vegið á móti áhrifum gengislækkunar krónunnar sl. mánuði. Sá liður vísitölunnar sem að undanförunu hefur haft mest áhrif er þjónusta, bæði á markaði og hins opinbera. Verð þjónustu á almennum markaði hækkaði um 2,1% í ágúst og 3,5% frá júní til september. Frá áramótum hefur það hækkað um 7,8% og 9,4% undanfarna 12 mánuði. Í ljósi gengisbreytinga undanfarið ár er athyglisvert að sl. 12 mánuði hafa innfluttar vöru hækkað jafn mikið í verði eða reyndar ívið minna (9,9%) en innlendir vörur án búvöru (10,2%). Áhrif gengislækkunar krónunnar koma sterkast fram í verði innfluttra matvæla, sem hefur hækkað um 22% undanfarna 12 mánuði og 16% undanfarna 6 mánuði. Verð erlendra gjaldmiðla vegið með vöruinnflutningi hækkaði um u.þ.b. fimmtung á sama tíma. Húsnæðisliðurinn hefur haldið áfram að þokast upp á við sl. 2 mánuði, þó minna en neysluverðsvísitalan í heild. Í september stóð húsnæðisliðurinn nánast í stað og er hækkun yfir 12 mánuði nú töluvert minni en hækkun vísitölunnar, eða 5,7%.

*Raunverð fasteigna á höfuðborgarsvæðinu fer lækkandi*

Nafnverð á íbúðarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu var í ágúst lítilsháttar lægra en það varð hæst í vor en eigi að síður nærri 2% hærra en í upphafi ársins. Hækkun húsnæðisliðar vísitölu neysluverðs undanfarna 12 mánuði, sem getið er hér að

ofan, felur í sér rúmlega 3% raunlækkun, ef staðvirt er með vísitölu neysluverðs án húsnæðis. Vísitala sem birt er af Fasteignamati ríkisins um þróun fasteignaverðs á höfuðborgarsvæðinu sýnir svipaðar niðurstöður, eða u.þ.b. 5% hækkun yfir 12 mánuði. Dregið hefur jafnt og þétt úr tólf mánaða hækkun vísitölunnar frá ársbyrjun 2000 og raunverð miðað við þriggja mánaða meðaltal tók að lækka í maí sl. Frá apríl til ágúst lækkaði raunverð miðað við þriggja mánaða meðaltal um 6%. Vísbendingar eru um að raunverð atvinnuhúsnæðis hafi verið við hámark á fyrsta ársfjórðungi en hafi síðan lækkað umtalsvert á öðrum ársfjórðungi.

*Atvinnuleysi svipað og fyrir ári*

Ástand á vinnumarkaði hefur verið að mestu leyti óbreytt í heilt ár, nema hvað vinnumarkaðskönnun Þjóðhagsstofnunnar sl. vor gaf vísbendingu um heldur minnkandi spennu. Fjöldi starfa í boði hjá vinnumiðlunum í júlí var reyndar heldur minni en í fyrra en þó mikill í samanburði við fyrri ár. Atvinnuleysi í júlí mældist 1,1%, sem er hið sama atvinnuleysi og í júlí í fyrra. Árstíðaleiðrétt atvinnuleysi hefur einnig haldist nánast óbreytt um langt skeið og er hið sama og í fyrra. Atvinnuleysi var í júlí 1,3% á höfuðborgarsvæðinu og hafði aukist heldur þar en minnkað á landsbyggðinni í 0,8%.

Fjöldi veittra atvinnuleyfa gefur einnig til kynna umtalsverðan skort á vinnuafli. Þau voru að vísu heldur færri í júlí í ár en í júlí í fyrra sem gæti bent til þess að byrjað sé að draga úr vinnuafllskorti þótt hann sé áfram umtalsverður. Fyrstu 7 mánuði ársins fjölgaði atvinnuleyfum í heild um 42%. Mest fjölgun varð í veitingu framlengdra tímabundinna atvinnuleyfa (68%) og óbundinna atvinnuleyfa (80%), sem rekja má til mikils fjölda nýrra tímabundinna leyfa sem veitt voru á undanförunum árum.

*Dregur jafnt og þétt úr undirliggjandi vexti útlána en vöxtur peningamagns og sparifjár er enn fyrir ofan jafnvægismörk*

Útlán innlánsstofnana drógust saman um 1,4% í

júlí, en í júní hafði mælst álíka mikill vöxtur. Þennan samdrátt má rekja til gengishækkunar krónu. Erlendir gjaldmiðlar lækkuðu í verði gagnvart krónu um 2½% í mánuðinum. Á móti vóg hækkun neysluverðsvísitölnunnar um 1½%, en samanlagt skýra gengis- og vísitölbreytingar u.þ.b. helming samdráttarins í júní. Þetta er í fyrsta skipti, á þeim tíma sem sambærileg gögn ná yfir, að mánaðarlegur vöxtur að teknu tilliti til gengis- og vísitölbreytinga dregst saman. Að teknu tilliti til gengisbreytinga og verðtryggingaruppfærslu nam vöxtur útlána yfir 12 mánuði til júlíloka, u.þ.b. 10%. Á sama tíma fyrir ári nam 12 mánaða vöxtur útlána umreiknaður á sama hátt 25%. Undanfarna 6 mánuði hefur árs hraði vaxtarins verið 8% og 6½% síðustu 3 mánuði. Hjöðnun vaxtar hefur því ágerst, en þar vegur samdrátturinn í júlí auðvitað þungt. Haldi undir- liggjandi vöxtur áfram að hjaðna er stutt í að ár- legur útlánavöxtur komist niður á það stig sem samrýmist til lengdar lítilli verðbólgu, en útlána- vöxtur er í eðli sínu leiðandi vísbending. Í lok júlí hafði peningamagn og sparifé (M3) aukist um 12,3% á 12 mánuðum, sem er svipaður vöxtur og fyrir ári, en vöxturinn frá áramótum er meiri en á sama tíma í fyrra, eða nærri 19% á ársgrundvelli. Það er til lengdar fyrir ofan jafn- vægismörk. Að raungildi jókst peningamagn um rúm 4% á fyrstu sjö mánuðum ársins.

#### *Skatttekjur ríkissjóðs tengdar launatekjum aukast umfram verðlag en tekjur af eyðslu- sköttum dragast saman*

Skatttekjur ríkissjóðs til loka júlí voru 0,7% meiri að raunvirði en á sama tíma í fyrra. Þar munar talsvert um að eignarskattar og aðrir eftirágreiddir skattar hafa gefið 20% meira að raungildi en í fyrra. Tekjur af samtímagreiddum sköttum, – hlutur ríkisins í staðgreiðslu, tryggingagjöldum, virðisaukaskatti, áfengisgjöldum og ýmsum gjöldum sem tengjast innflutningi, – voru hins vegar 1,4% minni að raunvirði en fyrstu sjö mánuði ársins 2000. Tekjur af samtímasköttum voru þó 2% meiri að raunvirði síðustu 2 mánuðina en á sama tíma í fyrra, en vegna innheimtumynsturs skatta er samanburður á mánaðartölum lítt marktækur. Samanburður á tveggja mánaða meðal- tölum sýnir ólíka þróun samtímagreiddra skatta.

Tólf mánaða raunhækkun staðgreiðslu og trygg- ingagjalds hefur farið minnkandi en haldist já- kvæð, og var 2,7% á síðasta tímabilinu. Virðis- aukaskattur gaf 0,4% minna að raunvirði í febrúar-mars og 14% minna í apríl-maí en árið áður, en í júní-júlí voru rauntekjur af honum 4% meiri en á sama tíma í fyrra. Tekjur af innflutn- ingi hafa minnkað langmest. Í febrúar-maí voru þær 14-15% minni að raunvirði en á sama tíma fyrir ári. Síðustu 2 mánuðina var raunlækkun frá fyrra ári þó heldur minni. Þessi samdráttur í tekj- um er mikill þegar tillit er tekið til þess að inn- flutningsverð hefur hækkað meira en almennt verðlag vegna gengislækkunar. Megindrættirnir eru að skattar tengdir launatekjum hafa meira en haldið í við verðlag en eru þó að gefa eftir, eyðslutengdar skatttekjur hafa lækkað talsvert, en rétt heldur af síðustu tvo mánuðina.

#### *Vaxandi samdráttur í vöru- og þjónustuinflutn- ingi*

Skýr merki þess að hægt hafi á vexti eftirspurnar er að finna í tölum um utanríkisviðskipti. Inn- flutningur fyrstu 7 mánuði ársins dróst saman um rúmlega 4% á föstu gengi og að magni. Án óreglulegra liða, t.d. skipa og flugvéla, var sam- drátturinn enn meiri, eða 6½%. Mest dróst inn- flutningur neysluvöru saman, eða um rúm 15%, þar af innflutningur bifreiða um 47%. Þegar frá eru talin skipa- og flugvéla viðskipti hefur inn- flutningur fjárfestingarvöru dregist álíka mikið saman og innflutningur neysluvöru. Það sem fyrst og fremst hamlar á móti samdrættinum er að innflutningur rekstrarvöru, annarrar en orku, er enn í töluverðum vexti. Þar á meðal eru rekstrarvörur og hráefni til álframleiðslu, án þess að vöxturinn þar skeri sig úr.

Snarpur samdráttur varð í innflutningi þjón- ustu á öðrum fjórðungi ársins. Útgjöld til ferða- laga drógust saman um 17% frá fyrra ári á föstu gengi og önnur þjónusta, sem meðal annar felur í sér greiðslur fyrir verktakaþjónustu af ýmsu tagi til erlendra aðila, dróst saman um rúmlega fimmtung. Þetta hafði í för með sér að halli á þjónustujöfnuði, sem í fyrra nam tæplega 5 ma.kr. á 2. ársfj. (á gengi 2. ársfj. 2001) skrapp saman í aðeins 0,7 ma.kr., enda enn töluverður vöxtur í útflutningi þjónustu.

Vöruútflutningur fyrstu 7 mánaða ársins var 5% meiri að magni og u.þ.b. rúmum fjórðungi meiri í krónum talið en á sama tíma í fyrra. Fimmtungs verðhækkun skýrist að mestu leyti af 18% gengishækkun erlendra gjaldmiðla. Magnaukning útflutnings stafaði að langmestu leyti af 16% meiri útflutningi stóriðjuafurða, en útflutningur sjávarafurða dróst lítillega saman að magni.

Að teknu tilliti til gengisbreytinga var hallinn á vöruskiptajöfnuði fyrstu 6 og 7 mánuði ársins minni en helmingur hallans á sama tíma í fyrra, eða tæpir 10 ma.kr. janúar-júní. Hallinn á þjónustujöfnuði meira en helmingaðist einnig á fyrri hluta ársins. Á móti hjöðnun hallans á vöru- og þjónustujöfnuði vóg að hallinn á jöfnuði þáttatekna jókst verulega vegna aukinna vaxtagreiðslna til útlanda. Á meðalgengi fyrri hluta ársins jókst hallinn úr 10 í 17 ma.kr. og nálægt því tvöfaldaðist að nafnvirði. Viðskiptahallinn í heild dróst því aðeins saman um 8% að nafnvirði og rúman fimmtung á föstu gengi.

#### *Verulegt gengistap en aukin framlegð skráðra atvinnufyrirtækja á fyrri hluta þessa árs*

Velta skráðra atvinnufyrirtækja á fyrri helmingi ársins var 15% meiri að raunvirði en á sama tíma í fyrra skv. þöruðum samanburði. Vöxtur var í öllum greinum nema í sjávarútvegi og hjá tölvu- og hugbúnaðarfyrirtækjum. Mest jókst velta hjá iðnaðar- og framleiðslufyrirtækjum, eða 65% að raungildi. Á afkomu fyrirtækjanna fyrstu 6 mánuði ársins eru tvær hliðar. Verulegt tap varð eftir skatta hjá atvinnufyrirtækjunum í heild eða 4,3% af veltu, en jafnframt var framlegð (hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði) mjög góð eða um 8,7% af veltu (var 7% á fyrri hluta 2000). Veltufé frá rekstri jókst einnig umtalsvert eða um 40%. Skýringin á þeim mun sem er á milli rekstarafkomu og rekstrarniðurstöðu eftir skatta er hækkun á bókfærðum fjármagnskostnaði, sem fór úr 1% af veltu á fyrri hluta sl. árs í um 9,5% í ár. U.þ.b. 80% aukningarinnar stafa af gengistapi á lánum í erlendri mynt. Hjá sjávarútvegsfyrirtækjunum hækkaði framlegð úr tæpum 18% af veltu í um 27% af veltu. Framlegð jókst einnig hjá iðnaðar- og framleiðslufyrirtækjunum og hjá þjónustu og verktakafyrirtækjum.

#### *Erlend efnahagsþróun*

##### *Hryðjuverk í Bandaríkjunum geta haft neikvæð skammtímaáhrif*

Hætt er við að atburðirnir í Bandaríkjunum 11. september hafi neikvæð áhrif á væntingar markaðsaðila um heim allan, en einkum í Bandaríkjunum sem standa á barmi samdráttar. Að auki fylgir þeim nokkur truflun á framleiðslu (t.d. á sviði fjármálaþjónustu). Neikvæð áhrif á framleiðslu, einkaneyslu og fjárfestingu munu þó ekki koma fram að ráði fyrr en á fjórða ársfjórðungi, þar sem þriðji fjórðungur ársins er að lokum kominn. Verðbréfamarkaðir eru lokaðir í Bandaríkjunum en víða um heim hafa verðbréf fallið í verði um 5-10%. Um langtímaáhrifin er erfitt að fullyrða þar sem þau ráðast m.a. af aðgerðum Bandaríkjastjórnar, bæði hernaðarlega og efnahagslega.

##### *Atvinnuleysi eykst verulega í Bandaríkjunum*

Vonir um að takast muni að koma í veg fyrir samdrátt í Bandaríkjunum dofnuðu verulega í kjölfar birtingar atvinnuleysistalna fyrir ágúst. Atvinnuleysi tók stökk í ágúst, úr 4,5% í 4,9%. Hefur atvinnuleysi ekki verið meira frá því í september árið 1997. Aukningin var mun meiri en flestir greinendur höfðu gert ráð fyrir, þótt almennt hafi verið búist við auknu atvinnuleysi í ljósi upplýsinga sem borist hafa jafnt og þétt um alllangt skeið um fjöldauppsagnir og vaxandi sókn í atvinnuleysisbætur.

Samdráttar gætir samt ekki enn í landsframleiðslutölum, þótt vöxtur hafi verið lítill sem enginn sl. tvo ársfjórðunga. Vöxtur landsframleiðsla á 2. ársfj. nam aðeins 0,2% á ársvarða. Það sem til þessa hefur komið í veg fyrir samdrátt er styrkur einkaneyslu, sem hefur vegið á móti samdrætti í fjárfestingu og nettóútflutningi. Með vaxandi atvinnuleysi dregur úr líkum á því að einkaneyslan muni standa af sér samdrátt á öðrum sviðum þjóðarbúskaparins. Skattalækkunar ættu þó að milda áhrif aukins atvinnuleysis á einkaneyslu. Iðnaðarframleiðslan hefur nú dregist saman í 10 mánuði samfleytt og er 2½% minni en fyrir ári. Síðustu mælingar á NAPM vísitölunni (National Association of Purchasing Managers (innkaupastjórar)) hafa vakið vonir

um að iðnaðarframleiðslan sé farin að nálgast botninn, þótt ótímabært sé að fullyrða um það. Á hinn bóginn virðist þjónustugeirinn vera farinn að veikjast.

Daufari vonir um að komist verði hjá samdrætti og áframhaldandi straumur fréttu um lakari afkomu fyrirtækja en væntingar hafa staðið til endurspeglast í verðlækkun hlutabréfa síðustu mánuði. S&P 500 og Wilshire vísitölurnar, sem eru víðtækar hlutabréfavísitölur, hafa ekki verið lægri frá því síðla árs 1998.

Þróun verðlagsmála gefur bandaríska seðlabankanum nægt svigrúm til áframhaldandi tilslökunar. Verðbólga hefur farið minnkandi síðustu mánuði. Í júlí mældist hún 2,7%, hvort heldur með eða án orku og matvæla. Neysluverðsvísitalan lækkaði um 0,3% í júlí, en kjarnavísitalan hækkaði um 0,2%. Þróun framleiðsluverðlags bendir til hóflegar verðbólgu áfram og hráefnaverð heldur áfram að lækka. Stýrivextir í Bandaríkjunum eru nú 3,5% eða aðeins ½% hærrí en þeir voru lægstir á árunum 1993 og 1994.

*Hægari vöxtur í Evrópu og verðbólga hjaðnar*  
Iðnaðarframleiðsla á evrusvæðinu sýnir á ný jákvæðan 12 mánaða vöxt eftir að hún jókst óvænt um 0,6% í júní. Mánuðina 3 á undan hafði iðnaðarframleiðslan dregist saman. Í Þýskalandi mælist hins vegar töluverður samdráttur iðnaðarframleiðslu yfir 12 mánuði sem jókst í júlí þegar 1,5% samdráttur mældist á milli mánaða. Útflutningur Þjóðverja á fjárfestingarvörum verður nú harkalega fyrir barðinu á samdrætti á fjárfestingu á helstu útflutningsmörkuðum.

Einkaneyslan á evrusvæðinu virðist viðunandi sterk og heldur á uppleið ef marka má tölur um vöxt smásöluverslunar í júní. Hjöðnun atvinnuleysis hefur þó stöðvast, a.m.k. í bili. Dregið hafði jafnt og þétt úr atvinnuleysi á evru-


svæðinu í nokkur ár þar til í vor, en tímabilið apríl til júlí stóð það í stað við 8,3% og hefur aukist í nokkrum aðildarlöndum, t.d. Frakklandi og Þýskalandi.

Verðbólguþekktur sem átti rætur að rekja til eldsneytisverðhækkana og kreppu í landbúnaði virðist nú í hjöðnun. Heildsöluverðbólga hefur lækkað hratt að undanfögnu og dregið hefur úr 12 mánaða hækkun neysluverðsvísitölnnar, úr 3,4% í maí í 2,8% í júlí. Aðstæður til frekari vaxtalækkunar virðast því góðar, en ECB lækkaði vexti í annað sinn á árinu 31. ágúst.


*Japan á leið inn í enn eitt samdráttarskeiðið og erfitt efnahagsástand víða annarsstaðar í Asíu*  
Efnahagshorfur í Japan eru með dapprasta móti og hafa þó oftast verið dapprar undanfarinn áratug. Að vísu mældist dálítill hagvöxtur á fyrsta fjórðungi ársins, en ekki samdráttur eins og fyrst var talið, en 0,8% samdráttur mældist þess í stað á öðrum ársfjórðungi. Áframhaldandi verðhjöðnun og vaxandi atvinnuleysi gefa vísbendingu um slakann í efnahagslífinu. Í maí hafði iðnaðarframleiðslan dregist saman um 9% frá því í desember. Aðeins 70% framleiðslugetunnar er nýtt. Jafnvel byggingariðnaðurinn, sem til þessa hefur verið sámilega þróttmikill, er í samdrætti. Vaxandi birgðir og aukin svartsýni sem birst hefur undanfarið í Tankan könnunum á væntingum fyrirtækja benda til áframhaldandi samdráttar. Þær horfur hafa ekki farið framhjá hlutabréfamarkaðinum og hefur verð hlutabréfa ekki verið lægra í 17 ár.

Samdráttur í hátæknigeiranum hefur einnig leikið efnahagsástand í öðrum löndum í Asíu grátt, t.d. Kóreu, Singapúr og Taiwan. Öll hafa þessi lönd orðið fyrir samdrætti landsframleiðslu í a.m.k. 1 ársfjórðung á þessu eða í lok sl. árs og umtalsverðum samdrætti iðnaðarframleiðslu, eftir mjög öran vöxt í byrjun árs 2000.


# I Alþjóðleg efnahagsmál




Vöxtur landsframleiðsla á 2. ársfj. nam 0,2% á árskvörðu. Samdráttur í fjárfestingu og nettóútflutningi var meginástæða lítills hagvaxtar. Atvinnuleysi tók stökk í ágúst, úr 4,5% í 4,9%, hið mesta frá því í sept. 1997. Neysluverðsvisitalan lækkaði um 0,3% í júlí, en kjarnavisitalan hækkaði um 0,2%. Iðnaðarframleiðsla dróst saman um 0,1% í júlí, 10. mánuðinn í röð, sem er þó minni samdráttur en undanfarna mánuði, t.d. 0,8% í júní.




Atvinnuleysi á evrusvæðinu hefur verið nær óbreytt í nokkra mánuði, 8,3% í júlí og hefur aukist í nokkrum aðildarlöndum, t.d. Frakklandi. Heildsöluverðbólga hefur lækkað hratt að undanfögnu og einnig hefur dregið úr hækkan neysluverðsvisítölnnar, úr 3,4% í maí í 2,8% í júlí. Iðnaðarframleiðsla á evrusvæðinu jókst óvænt um 0,6% í júní, eftir samdrátt í mars, apríl og maí, en í júlí varð snarpur (1,5%) samdráttur í iðnaðarframleiðslu Þýskalands.




Samkvæmt endurskoðuðum tölum jókst landsframleiðsla á fyrsta ársfjórðungi um 0,5%, en var áður talin hafa dregist saman um 0,8%. Á öðrum ársfj. dróst landsframleiðsla hins vegar saman um 0,8% skv. fyrstu mælingum. Verðhjóðnun hefur ágerst síðustu mánuði. Vísitala neysluverðs hélt áfram að lækka í júní og var 0,5% lægri en fyrir ári.




Væntingar neytenda versnuðu umtalsvert í ágúst. Landsframleiðsla jókst um 0,3% á 2. ársfj. Verðbólga hefur hjaðnað á ný sl. mánuði og án vaxtaáhrifa mældist hún 2,1% júlí. Iðnaðarframleiðslan dróst saman um 2% frá mars til júní og er 1,6% minni en fyrir ári. Veikleikamerki sjást nú einnig í þjónustugeiranum.




Vöxtur peningamagns á evrusvæðinu jókst nokkuð í júlí, eða úr 6,1% í 6,4% og 3ja mánaða meðaltali úr 5,3% í 5,9%. Talið er að aukning á peningamarkaðsreikningum útlendinga skýri allt að ¾ aukningar síðustu mánaða. Í Bandaríkjunum nam vöxtur M3 yfir 12 mán. til júlífloka 12% og hefur aukist um u.þ.b. 3% það sem af er árinu.




Á evrusvæðinu nam 12 mánaða vöxtur útlána til aðila innan svæðisins 6,2% og hefur aukist lítið eitt undanfarna mánuði. Tólf mánaða vöxtur útlána í Bandaríkjunum til innlendra aðila annarra en fjármálastofnana nam 4,7% í júníflok.




Hlutabréfaverð í Bandaríkjunum hefur lækkað mikið að undanfögnu, eftir töluverða hækkun snemma sumars. Dow Jones vísitalan var 7. september sl. hin lægsta frá því í apríl og nálægt lágmarkinu frá fyrsta ársfjórðungi 1999. S&P 500 vísitalan hefur ekki verið lægri frá því árið 1998.



Verðþróun hlutabréfa í Evrópu hefur verið svipuð. Þýska DAX vísitalan hefur ekki verið lægri frá því árið 1999. Nikkei-vísitalan japanska hefur ekki verið lægri í 17. ár. Hún hefur lækkað um u.þ.b. helming frá því í ársbyrjun 2000 og ¾ frá ársbyrjun 1990.




Seðlabanki Evrópu lækkaði vexti 31. ágúst um 0,25%, í annað sinn á árinu. Stýrivextir bankans eru nú 4,25%. Bandaríski seðlabankinn lækkaði vexti í 6. og 7. skipti á árinu, 27. júní og 21. ágúst, um 0,25% í hvert skipti. Stýrivextir bankans eru nú 3,5%.




Hækkun langtímaxaxta sem átti sér stað á nokkrum helstu gjaldmiðla-svæðum heims í sumarbyrjun hefur u.þ.b. gengið til baka, nema í Japan.


## II Ytri skilyrði þjóðarbúsins




Gengi evrunnar 22. ágúst sl. náði 5 mánaða hámarki, rúmlega 92 bandarísk cent. Nýlega hefur gengi evrunnar verið nálægt 90 centum.



Heildaraflinn var um 8% minni á fyrstu 7 mánuðum þessa árs en á sama tíma í fyrra. Bæði uppsjávar- og botnfiskafli dróst saman. Mest munar um rúmlega 8% samdrátt frá seinasta ári í verðmæti þorskafla. Frá árinu 1999 nemur samdrátturinn rúmum fimmtungi. Þorskaflinn hefur dregist saman um rúmlega 50 þús. tonn sl. tvö ár. Verðmæti aflans hefur hins vegar aukist um fimmtung í krónum talið frá sama tíma í fyrra, en 1,5% á föstu gengi.




Verðlag á sjávarafurðum í heild hefur verið tiltölulega stöðugt í erlendi mynt undanfarna mánuði. Verð á bræðsluafurðum hefur hækkað umtalsvert seinustu mánuði, mjöl um þriðjung frá seinustu áramótum og lýsi hefur tvöfaldast í verði. Álverð hefur lækkað um 15% frá því í maí sl. Almenn verðlækkun málna, sérstaklega kopars, í kjölfar efnahagslæðar í Bandaríkjunum og víðar hefur ýtt undir verðlækkun á áli.




Hraóliuverð fer hækandi og hefur ekki verið hærra frá júní s.l. Er það rakið til samdráttar í olíuframleiðslu Opec-ríkja, sem tilkynnt var um sl. helgi, og minnkandi birgðir í Bandaríkjunum. Bensínverð hefur fylgt hraóliuverðinu upp og er nú um fjórðungi hærra en lágmark ársins í júlí sl. Framvirkt verð á bensíni og hraóliu bendir til 6% verðlækkunar undir lok ársins og 13% lækkunar næstu 12 mánuði.


### III Framleiðsla og velta




Hrávöruverð hefur ekki verið lægra um árabíl, grunnmálmur hafa lækkað um 11% seinustu 12 mánuði og landbúnaðarafurðir um 12%.



Raunveltuaukningin var enn mikil jan.-apríl á þessu ári mv. sama tíma 2000 eða tæp 7%. Veltuaukningin var drifin áfram af veltuaukningu í útflutningsstarfsemi og í byggingum/mannvirkjagerð. Nánast engin veltuaukning var í smásölu og innan við 2% í heildsöluveltu. Einnig hefur dregið verulega úr veltu í þjónustugreinum.




Sementssala jókst um tæplega fjórðung á fyrstu 7 mánuðum þessa árs miðað við sama tíma í fyrra. Aukningin er öll í innfluttu sementi. Framkvæmdir við umferðarmannvirki, verslunar- og skrifstofuhúsnæði, virkjanir o.fl. skýra það. Því er spáð að nokkuð muni draga úr sementsölu á næstu mánuðum þegar dregur úr umfangi nýframkvæmda. Nýskráningar bifreiða fyrstu 7 mánuði ársins voru 45% færri en í fyrra og hafa ekki verið færri frá árunum 1992-96.




Sú mynd sem afkomutölur skráðra fyrirtækja gefa í árshelmingsuppgjörum þessa árs er mjög tvíhliða. Annars vegar er mikið bókfært rekstrartap eftir skatta v/ mikils bókfærðs gengistaps á erl. lánun en hins vegar góð og hækandi framlegð (hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði sem % af veltu). Veltufé frá rekstri jókst einnig verulega milli ára. Þessar tölur benda til að rekstrarumhverfi hafi verið allgott á fyrri hluta þessa árs. Raunveltuaukning var einnig umtalsverð hjá þessum fyrirtækjum eða 15%.


## IV Utanríkisviðskipti




Á fyrstu sjö mánuðum ársins var 5½ ma.kr. halli á vöruviðskiptum við útlönd án viðskipta með skip og flugvélar. Á sama tíma í fyrra var vöruskiptajöfnuðurinn óhagstæður um 13,9 ma.kr., reiknað á meðalgengi janúar til júlí.



Í júlí voru fluttar út vörur fyrir tæpa 15½ ma.kr. og inn fyrir 17,2 ma.kr. Samkvæmt bráðabirgðatölum má gera ráð fyrir að verðmæti innflutnings án skipa og flugvéla hafi verið 16,2 ma.kr. í ágúst sem er ½ ma.kr. meira en í ágúst í fyrra að nafnvirði, en gengi krónunnar var að meðaltali 17,3% lægra en í ágúst í fyrra.




Árstíðaleiðréttur innflutningur án skipa og flugvéla hefur dregist mikið saman frá því í október þegar hann náði hámarki og hefur ekki verið minni frá því í febrúar 1999. Ath. að notuð er almenn verðvísitala við staðvirðingu sem ekki þarf að endurspegla fyllilega verðþróun innflutnings.




Á fyrstu sjö mánuðum ársins jókst almennur útlutningur um 234% að magni frá árinu áður og verð hækkaði um 21% sem aðallega má rekja til 19% hækkunar á meðalverði erlends gjaldeyris frá sama tíma í fyrra. Útlutningur iðnaðarvöru jókst um 12½% en útlutningur sjávarafurða dróst saman um 1,7% sem að mestu má rekja til sjómannaverkfalls. Innflutningur dróst á heildina lítið saman um 4,2% að magni, en almennur innflutningur um 6½% og innflutningur neysluvöru um 15½%.


## V Opinber fjármál




Fyrstu 7 mánuði 2001 voru greidd gjöld ríkissjóðs 5,2 ma.kr. umfram tekjur. Á sama tíma í fyrra var 7,5 ma.kr. afgangur. Umskiptin stafa að hluta af sérstökum gjaldatílefnum, en þó meir af slaka í neyslutengdum tekjum og mikilli, almennri útgjaldaþækkun. Hrein lánsfjárbörf frá áramótum er 7,6 ma.kr. 17 ma.kr. meiri en í fyrra. Munar þar um 5 ma.kr. einkavæðingartekjur frá 1999 sem skiluðu sér eftir áramótin þá. Aðrar eignahreyfingar eru ívið hagstæðari nú en í fyrra.



Til júlí floka voru innheimtar tekjur 7,7% hærri en á sama tíma í fyrra. Sambærileg tala var 7,2% í júní og 6,2 í maí. Beinir skattar skila 18,5% meira en í fyrra en óbeinir skatta einungis 1,1% meira, þrátt fyrir að laun hafi verið nær 9% hærri það sem af er ári en á sama tíma í fyrra og verðlag 5,5% herra. Greidd gjöld hafa hækkað um 20,2%. Ráða ýmis tilefni, 1,3 ma.kr. vegna öryrkjadóms og annað eins vegna forinnlausnar spariskírteina. Án allra sértílefna er þó hækkan nær 18% milli ára, langt umfram verð og laun.




Skatttekjur ríkisins hafa vaxið hægar á þessu ári en í fyrra, en halda þó nokkurn veginn í við verðbólgu ef litið er á 4ra mánaða meðaltöl. Þróunin er þó harla ólík eftir skattstofnum og skattar sem greiddir eru án verulegra tafa hafa dregist meira saman en aðrir, neyslutengdir skattar þó mest. Talsverður hávaði er í gögnunum, og því eru hér sýndar tvær myndir, annars vegar prósentbreytingar síðustu 4 mánuði frá júlí til júlí, hins vegar vísitala rauntekna á tveggja mánaða tímabilum. Styttri tímabil gefa óskýrari mynd en svo að taki að sýna.




12 mánaða hækkun rauntekna af staðgreiðslu og tryggingagjaldi er tæp 5% síðustu 4 mánuðina, en tæp 3% ef einungis eru skoðaðir 2 mánuðir til júlí. Tekjur af virðisaukaskatti eru 10% minni að raungildi síðustu 4 mánuðina en í fyrra. Þær hafa rétt heldur við í júní og júlí, en þá var greiddur vaskur af veltu í apríl og maí. Mest er lækkun skatta sem tengjast innflutningi. Tekjur af alls konar innflutningi hafa lækkað mest og samanlagðar tekjur af innflutningi, áfengi og bílaeign síðustu 4 mánuði eru 10% lægri en á sama tíma í fyrra.


## VI Vinnumarkaður og tekjur




Atvinnuleysi í júlí mældist 1,1% og lækkaði um 0,1% frá fyrri mánuði. Í júlí 2000 mældist atvinnuleysi 1,1%. Árstíðaleiðrétt atvinnuleysi var 1,3% eins og í fyrri mánuði. Í ágúst í fyrra var árstíðaleiðrétt atvinnuleysi 1,2%.



Launavísitala hækkaði um 0,3% í júlí og 8,1% undanfarna 12 mánuði. Þessa hækkun má aðallega rekja til samninga hjá nokkrum smærri hópum starfsmanna ríkis og bæja. Undanfarna 12 mánuði jókst kaupmáttur um 1%.




Launavísitala opinberra starfsmanna og bankamanna hækkaði um 8,9% frá 2. ársfj. 2000 og 2. ársfj. ársins 2001. Á sama tíma hækkuðu laun á almennum vinnumarkaði um 8,1% og mælt launaskrið stóð í stað í 2,1%.




Samkvæmt vinnumarkaðskönnun Þjóðhagsstofnunar í apríl var eftirspurn eftir vinnuafli í jafnvægi. Næsta könnun verður gerð nú í september.


## VII Gengi og eignaverð




Veitt voru 337 atvinnuleyfi í júlíl samanborið við 363 í júlíl í fyrra. Þetta er í fyrsta sinn frá í apríl 2000 sem veitt eru færri atvinnuleyfi en í sama mánuði árið áður. Fjöldi veittra atvinnuleyfa var samt sem áður ríflega þrefalt meiri en á sama tíma árin 1996 og 1997. Fjöldi lausra starfa hjá vinnumiðlunum í lok júlíl var 589, sem eru heldur færri störf en á sama tíma fyrir ári, en sexfalt fleiri en á á sama árstíma árin 1996 og 1997.




Í ágúst rétti hlutabréfamarkaðurinn aðeins úr kútnum í fyrsta sinn á þessu ári. Bréf hækkuðu í verði og veltan jókst eftir mjög daufa sumarmánuði. Þessi jákvæða þróun hefur haldið áfram í septembermánuði. Hlutabréfamarkaðurinn einkennist þó enn af lítilli tiltrú og óvissu um hagnaðarhorfur og vexti.




Vísitala fasteignaverðs (bæði sér- og fjölbýli) á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 7,7% á 12 mánuðum til júní. Dregið hefur úr tólf mánaða hækkun vísitölunnar sl. 1½ ár. Vísitala fermetraverðs í fjölbýli, sem nær fram í ágúst, hækkaði lítillega milli mánaða og nokkuð dró úr 12 mánaða hækkun hennar, úr 5,2% í júlíl í 4,1% í ágúst.




Verð atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu hefur haldið nokkurn veginn í við verðbólgu síðustu ársfjórðunga eftir 70% hækkun milli árana 1996 og 2000. Mismunandi aðferðir við að veða saman mismunandi tegundir húsnæðis gefa nokkuð ólíkar upplýsingar, en raunverð virðist þó hafa lækkað á öðrum ársfjórðungi. Tiltölulega fáar mælingar eru enn komnar frá 2. ársfjórðungi. Verður því að túlka nýjustu tölur með varúð.




Afgreiddar umsóknir hjá Íbúðalánasjóði vegna nýbygginga og endurbóta voru 223 í ágúst sem er nokkuð meira en í ágúst í fyrra (197). Fjöldi afgreiddra lána til kaupa á notuðu húsnæði voru 707 sem er tölulvæð aukning frá sama tíma í fyrra (591). Upphæð afgreiddra húsbrefa hefur hækkað á undanförmum mánuðum vegna aukinna viðskipta með húsnæði.



Verð á leigukvóta hækkaði snögglega um 15% þegar Kvótaþing var lagt niður að kröfu útgerðamanna snemma sumars. Varanlegur kvóti hefur einnig hækkað nokkuð í verði á seinustu vikum, eða um 8%. Hátt verð á fiskmörkuðum og minnkandi aflaheimildir hafa ýtt verðinu upp.




Áætlað raungengi krónunnar miðað við verðlag á 3. ársfj. hefur lækkað um 12,9% frá sama tíma í fyrra. Það skýrist eingöngu af gengislækkun krónunnar að undanförmu, en innlend verðbólga umfram erlenda hefur vegið á móti. Raungengi 3. ársfj. miðað við verðlag er 11,3% lægra en að meðaltali undanfarin 10 ár og 9% lægra miðað við laun.




Gengi krónunnar hefur verið nokkuð stöðugt undanfarið eftir mikla lækkun fyrr á árinu. Fyrstu 8 mánuði ársins var gengi krónunnar að meðaltali 15,9% lægra en á sama tíma í fyrra. Mánaðarlegt raungengi krónunnar miðað við verðlag var að meðaltali 12,9% lægra en í ágúst í fyrra.


## VIII Peningar, útlán og vextir




Útlán og innlend verðbræfaeign lánakerfisins jukust um 20½% á 12 mánuðum til marsloka. Mest jukust útlán til fyrirtækja, eða um 25½%, en útlán til heimilanna jukust um tæp 16%. Frá því um áramót dró heldur úr vexti útlána bankakerfisins en vöxtur útlána annarra en banka jókst. Tölur um lánakerfið í lok júní eru væntanlegar síðar í þessum mánuði.




Breyting í % til júlí 2001	Útlán		
	M3	óleiðrétt	leiðrétt
Yfir 1 mánuð (M3 árstíðarleiðrétt) .....	0,6	-1,4	-0,6
Yfir 3 mánuði, umreiknuð til árs hraða (M3 árstíðarleiðrétt) .....	3,1	16,6	6,6
Yfir 12 mánuði .....	12,3	22,1	10,1




Breyting í % til júlí 2001	M3	Útlán
Yfir 1 mánuð (M3 árstíðarleiðrétt)	0,0	-2,1
Yfir 3 mánuði, umreiknuð til árs hraða (M3 árst. leiðr.)	-9,2	0,7
Yfir 12 mánuði	4,9	14,1



Raunávöxtun 15 ára spariskírteina er nú 5% og hefur verið tiltölulega stöðug frá apríl á þessu ári, ef frá er talin nokkur hækkun í júlí sl. Raunávöxtun húsbrefa hefur að sama skapi verið tiltölulega stöðug frá febrúar sl. og er nú 5,81% (RS15/1001/K og IBH22 1215). Upplýsingar til og með 7. september.




Ávöxtun langtímaskuldabréfa ríkissjóðs hefur farið lækandi undanfarna mánuði. Ávöxtun tveggja ára bréfa var 10. september 10,1% en ávöxtun fimm ára bréfa 9,1%. Langi endi ávöxtunarferilsins er því niðurhallandi um rúmlega 1 prósentustig. Langtímanafnvextir hafa lækkað frá því peningastefnunni var breytt 27. mars sl. og frá síðustu verðbólguþá bankans 20. júlí sl. um 0,1 til hátt í 1 prósentustig. Hins vegar hefur dregið úr neikvæðum halla langa enda ávöxtunarferilsins frá gerð spáinnar sem nemur 0,8 prósentustigum.




Verðbólguálag rúmlega tveggja ára verðtrygðra ríkisskuldabréfa var 7. sept. 4,2% og hafði lækkað umtalsvert á undanfönum vikum. Álagið var 1,2 prósentustigum lægra en þegar síðasta verðbólguþá bankans var gerð 20. júlí sl. Samsvarandi tala fyrir um fimm ára bréf var -0,2 prósentustig. Þess má geta að 11. september hækkaði verðbólguálag 2½ árs bréfa um 0,59 prósentustig frá fyrri degi sem líklega má rekja til óvissu vegna árárs á BNA.


## IX Verðlag



Skammtímaþvænting mældir með verðbólguálaginu eru nú 6,45%, og eru rúmlega einu prósentustigi hærra en þegar ramma peningastefnunna var breytt 27. mars sl. og 0,9 prósentustigum hærra en þegar síðasta verðbólguþá var gerð 20. júlí sl. Skammtímaþvænting gagnvart útlöndum er nú 6,89% og hefur aukist um 0,65 prósentustig frá 27. mars sl. og um 0,16 prósentustig frá 20. júlí sl. Byggt á upplýsingum til og með 7. september.



Vísitala neysluverðs í september hækkaði um 0,7% frá fyrri mánuði. Verð innflutrar vöru hækkaði um 1,3% (0,46% áhrif á vísitöluna), þar af hækkaði verð á fötum og skóm um 4,25% (0,21%) vegna útsöluloka. Verð á almennri þjónustu hækkaði um 0,6% (0,07%) og verð á opinberri þjónustu hækkaði um 0,4% (0,07%). Markaðsverð á húsnæði hækkaði um 0,1%. Undanfarna 12 mánuði hefur vísitalan hækkað um 8,4%.



Innfluttar vörur án áfengis og tóbaks hafa hækkað um 9,9% undanfarna 12 mánuði. Þá hefur húsnæðisliður vísitölnnar hækkað um 6,4% undanfarna 12 mánuði, innlendar vörur án búvöru og grænmetis um 10,2%, og þjónusta á almennum markaði um 9,4%.

# Skýringar við myndir í Hagvísum

## *Mynd 1. Bandaríkin*

Heimild: Datastream. Mánaðarlegar tölur. Árstíðaleiðrétt atvinnuleysi, árstíðaleiðrétt iðnaðarframleiðsla og neysluverð.

## *Mynd 2. Evrusvæðið*

Heimild: Datastream, Eurostat. Mánaðarlegar tölur. Árstíðaleiðrétt atvinnuleysi, árstíðaleiðrétt iðnaðarframleiðsla og neysluverð.

## *Mynd 3. Japan*

Heimild: Datastream. Mánaðarlegar tölur. Árstíðaleiðrétt atvinnuleysi, árstíðaleiðrétt iðnaðarframleiðsla og neysluverð.

## *Mynd 4. Bretland*

Heimild: Datastream, Eurostat. Mánaðarlegar tölur. Árstíðaleiðrétt atvinnuleysi, árstíðaleiðrétt iðnaðarframleiðsla og neysluverð.

## *Mynd 5. Vöxtur breiðs peningamagns erlendis*

Heimild: Datastream. Mánaðarlegar tölur. Peningamagn skilgreint sem M3 eða því sem næst.

## *Mynd 6. Útlánavöxtur innlánsstofnana erlendis.*

Heimild: Datastream. Mánaðarlegar tölur. Útlán án markaðsverðbréfa. Tölur fyrir Bretland eru aðeins útlán til einkageira. Tölur um evrusvæðið hefjast í september 1998, áður eru sýndar tölur um Þýskaland.

## *Mynd 7. Hlutabréfaverð í Bandaríkjunum*

Heimild: Datastream. Daglegar tölur, nýjustu gildi eru verð sl. föstudags. Sýndar eru Nasdaq Composite vísitalan, Dow Jones Industrial Average (einnig sýnd í mynd 8) og Wilshire 5000 vísitalan. Vísitölurnar eru allar settar á 100 í ársbyrjun 1998.

## *Mynd 8. Erlendar hlutabréfavísitölur*

Heimild: Datastream. Daglegar tölur, nýjustu gildi eru verð sl. mánudags. Hlutabréfavísitölur í Þýskalandi (Dax), Bretlandi (FTSE100), Japan (Nikkei 225) og Bandaríkjunum (Dow-Jones industrial). Vísitölurnar eru allar settar á 100 í ársbyrjun 1997.

## *Mynd 9. Mismunur langtíma- og skammtímavaxta*

Heimild: Datastream. Daglegar tölur, nýjustu gildi eru vextir sl. mánudags. Mismunur á vöxtum 10 ára ríkisskuldabréfa og skammtímavöxtum, í Japan, Bretlandi, Bandaríkjunum og Þýskalandi. Skammtímavextir í Bretlandi og Þýskalandi eru 3 mánaða millibankavextir en í Japan og Bandaríkjunum 3 mánaða ríkisvixlavextir.

## *Mynd 10. Vextir 10 ára ríkisskuldabréfa*

Heimild: Datastream. Daglegar tölur, nýjustu gildi eru vextir sl. mánudags. Vextir 10 ára ríkisskuldabréfa eru þeir sömu og notaðir eru í myndinni á undan.

## *Mynd 11. Gengi evru gagnvart jeni, Bandaríkjadal og bresku pundi*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Daglegar vísitölur. Krossgengi m.v. íslenska krónu. Vísitölurnar eru settar á 100 31. desember 1998.

## *Mynd 12. Afli og útflutningsverðmæti sjávarafurða.*

Heimild: Hagstofan. Afli íslenskra skipa á heimamiðum og fjarmiðum. Sýnt er aflamagn eftir helstu flokkum, uppsafnað frá ársbyrjun til loka næstliðins mánaðar. Verðmæti útfluttra sjávarafurða eru f.o.b.-tölur á nafnvirði, frá áramótum, en ná oftast mánuði styttra fram en aflamagnið.

## *Mynd 13. Verð á sjávarafurðum og áli*

Heimild: ÞHS og London Metal Exchange (LME). Verð sjávarafurða mælt í íslenskum krónum kemur frá ÞHS. Það er umreiknað yfir í erlendan gjaldmiðil með því að deila með útflutnings-vöruskiptavog. Verð áls frá LME. Sýnd eru mánaðarleg meðaltöl og auk þess nýjasta álverð. Ekki er árstíðaleiðrétt.

## *Mynd 14. Olú- og bensínverð*

Heimild: Bloomberg, hráolía og bensín og IPE, framvirkt verð. Sýnd eru mánaðarleg meðaltöl, seinustu dagverð og framvirkt verð næstu tveggja ársfjórðunga.

## *Mynd 15. Hrávöruverð á heimsmarkaði*

Heimild: Datastream/IMF. Mánaðarlegar tölur. Hrávöruverð án eldsneytis, verð á grunnmálum og verðlag matvæla.

*Mynd 16. Velta samkvæmt virðisaukaskattskýrslum.*

Heimild: ÞHS. Veltubreyting á milli ára sl. tvö ár. Sýndar eru tölur um heildarveltu og fimm undirliði. Tölur eru uppsafnaðar frá ársbyrjun og staðvirtar með vísitölu neysluverðs.

*Mynd 17. Sementssala og nýskráningar bifreiða*

Heimildir: Sementsverksmiðjan hf., Aalborg Portland Ísland hf. og Bílgreinasambandið. Sementssala tveggja verksmiðja, en Portland Cement hóf sölu sements hér á landi á árinu 2000. Bæði nýjar og notaðar nýskráðar bifreiðir, allir flokkar (fólks-, hópferða-, vöru- og sendibifreiðir).

*Mynd 18. Velta og afkoma skráðra atvinnufyrirtækja*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Sýnd er raunveltuaukning og eftirfarandi hlutföll af veltu: hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði, hagnaður eftir skatta og fjármagnsliðir. Úrtak er parað við fyrra ár og notaðar fyrirbyggjandi upplýsingar hverju sinni.

*Mynd 19. Vöruskiptajöfnuður sem hlutfall af vöruútflutningi*

Heimild: Hagstofa Íslands. Hreyfanlegt 12 mánaða hlutfall.

*Mynd 20. Vöruinnflutningur og vöruútflutningur*

Heimild: Hagstofa Íslands. Innflutningur eða útflutningur síðustu 12 mánaða sem hlutfall af 12 mánuðum þar á undan.

*Mynd 21. Árstíðaleiðréttur vöruinnflutningur á föstu verði*

Heimild: Hagstofa Íslands. Hreyfanlegt 3 mánaða meðaltal vöruinnflutnings er árstíðaleiðrétt. Sett á fast verð og gengi með vísitölu erlends verðlags og meðalgengisvísitölu m.v. innflutning. Vísitala erlends verðlags er fengin með því að veða saman með gengisvoginni vísitölur verðlags í helstu viðskiptalöndum.

*Mynd 22. Utanríkisviðskipti*

Heimild: ÞHS. Verð og magnþróun á innflutningi og útflutningi. Almennur innflutningur jafngildir heildarvöruinnflutningi að frátöldum skipum flugvélum og ýmsum vörum (afgangslíður). Almennur útflutningur jafngildir heildarvöruútflutningi að frádregnum skipum, flugvélum og ýmsum vörum (afgangslíður).

*Mynd 23. Tekjuafgangur og hrein lánsfjárbætur ríkissjóð*

Heimild: Ríkisbókhald, Seðlabanki Íslands. Tekjuafgangur frá ársbyrjun til loka hvers mánaðar, sýndur sem hlutfall af tekjum. Lánsfjárbætur frá ársbyrjun sem hlutfall af tekjum. Lánsfjárbætur er halli ríkissjóðs að viðbættum löngum og stuttum útlánnum umfram innheimtar afborganir og eignasölu. Jákvað lánsfjárbætur merkir halla og neikvað lánsfjárbætur merkir lánsfjárafgang.

*Mynd 24. Ríkistekjur og gjöld*

Heimild: Ríkisbókhald, Seðlabanki Íslands. Sýnd er hlutfallsleg breyting tekna og gjalda ríkissjóðs á milli ára, miðað við uppsafnaðar tölur frá ársbyrjun til loka hvers mánaðar. Óregluglegum liðum er sleppt til að gera tölur samanburðarhæfar milli ára.

*Mynd 25. Þróun skatttekna*

Heimild: Ríkisbókhald, Seðlabanki Íslands. 12 mánaða raunbreyting milli 4ra mánaða hlaupandi meðaltala. Þrjú flokkar skatttekna; staðgreiðsla og tryggingagjald, virðisaukaskattur og gjöld af innflutningi, áfengi og bílaeign.

*Mynd 26. Raunvirði skatttekna*

Heimild: Ríkisbókhald, Seðlabanki Íslands. Hlaupandi 2 mánaða tímabil. Þrjú flokkar skatttekna; staðgreiðsla og tryggingagjald, önnur gjöld af neyslu og innflutningi og virðisaukaskattur

*Mynd 27. Atvinnuleysi*

Heimild: Vinnuálastofnun. Mánaðarlegar tölur sem koma í mánuðinum á eftir. Skráð atvinnuleysi sem hlutfall af mannafla og sama röð árstíðaleiðrétt. Skráð atvinnuleysi er meðalfjöldi einstaklinga sem skráðir eru á atvinnumiðlunum á öllu landinu, sem hlutfall af áætluðum mannafla á vinnumarkaði í hverjum mánuði.

*Mynd 28. Launavísitala og kaupmáttur*

Heimild: Hagstofa Íslands. 12 mánaða breyting launavísitölnnar, útreikningstími. Kaupmáttur er launavísitala staðvirt með vísitölu neysluverðs.

*Mynd 29. Laun á almennum markaði, opinberum starfsmönnum og launaskrið*

Heimild: Hagstofa Íslands. Ársfjórðungslegar tölur, breyting frá sama ársfjórðungi árið áður. Laun á almennum markaði og laun hjá opinberum starfsmönnum og bankamönnum eru undirliðir launavísitölnnar. Launaskrið er hækkun launa á almennum markaði samkvæmt launavísitölu umfram mat hagfræðisviðs á hækkun vegna kjarasamninga. Miðað er við útreikningstíma vísitölnnar.

*Mynd 30. Atvinnuleysi og fjöldi starfa*

Heimild: Hagstofa Íslands og ÞHS. Hagstofan kannar í apríl og nóvember stöðuna á vinnumarkaði. Hringt er í slembiúrtak úr þjóðskrá og athugað hverjir eru í vinnu og hverjir ekki. Miðað er við skilgreiningar ILO (Alþjóðavinnumálastofnunarinnar). ÞHS athugar í janúar, apríl og september á hverju ári eftirspurnarlið vinnumarkaðarins. Gerð er athugun hjá atvinnurekendum um hvort þeir vilji bæta við sig starfsfólki og þá hversu mörgum.

*Mynd 31. Atvinnuleyfi og störf í boði*

Heimild: Vinnumálastofnun. 3ja mánaða hreyfanleg meðaltöl. Heildarfjöldi útgefna atvinnuleyfa. Framboð á lausum störfum hjá vinnumiðlunum í lok hvers mánaðar.

*Mynd 32. Velta og verðþróun á hlutabréfamarkaði*

Heimild: Verðbréfaþing Íslands. Sínd er mánaðarleg velta á þingi og utan þings og dagleg gildi úrvalsvísitölu og þingvísitölu aðallista. Nýjasta veltutalan er ekki velta heils mánaðar heldur fram að útgáfu Hagvísu.

*Mynd 33. Fasteignaverð: íbúðarhúsnæði á höfuðborgarsvæði*

Heimild: Fasteignamat ríkisins og Hagstofa Íslands. Núvirt fermetraverð í fjölbýli og sérbyli á höfuðborgarsvæðinu. Sínd er vísitala raunverðs og 12 mánaða breyting nafnverðs. Mánaðargildin eru hreyfanleg þriggja mánaða meðaltöl. Nýjustu tölurnar eru bráðabirgðatölur og nýjasta gildið byggist á tölum um verð í fjölbýli eingöngu.

*Mynd 34. Raunverð atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæði*

Heimildir: Fasteignamat ríkisins, Seðlabanki Íslands. Vísitala fermetraverðs (1981:1=100), á verðlagi nýjasta tímabilsins, ársfjórðungstíðni. Sínt er bæði einfalt meðaltal og vegið eftir stærð húsnæðis.

*Mynd 35. Afgreidd húsbref á nafnverði og fjöldi afgreiddra húsbrefa*

Heimild: Íbúðalánasjóður og Fasteignamat ríkisins. 3ja mánaða hreyfanleg meðaltöl. Tölur Íbúðalánasjóðs um afgreidd húsbref á nafnverði og markaðsvirði í hverjum mánuði eru staðvirkar með vísitölu fermetraverðs íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu. Fjöldi afgreiddra húsbrefalána til nýbygginga einstaklinga og byggingaraðila og til endurbóta.

*Mynd 36. Verð veiðiheimilda*

Heimild: LÍÚ og Kvótaþing. Sínt er meðalverð hvers mánaðar á aflahlutdeild (varanlegur kvóti) og aflamarki (leigukvóti eða skammtímakvóti) í þorski.

*Mynd 37. Ársfjórðungslegt raungengi*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Ársfjórðungslegar tölur. Raungengi miðað við hlutfallslegt neysluverð annars vegar og hlutfallsleg laun hins vegar.

*Mynd 38. Gengisþróun krónunnar*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Raungengi, mánaðarlegar tölur miðað við hlutfallslegt neysluverð. Vísitala innflutnings og útflutnings miðað við viðskiptavog (vöru og þjónustu). Mánaðarleg meðaltöl. Nýjasta gildi gengisvísitalna er meðaltal þeirra daga sem liðnir eru í mánuðinum.

*Mynd 39. Útlánaaukning lánakerfisins*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Breyting frá sama ársfjórðungi síðasta árs.

*Mynd 40. M3 og útlán innlánsstofnana*

Heimild: Seðlabanki Íslands. 12 mánaða %-breytingar á mánaðarlokatölum. Breyting útlána er án FBA fram til febrúar 1999 og með FBA frá mars 1999.

*Mynd 41. Raungildi M3 og útlána innlánsstofnana*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Staða í lok hvers mánaðar er færð til fasts verðs með neysluverðsvísitölu. M3 er árstíðaleiðrétt. Í mars 1998 bætast útlán FBA við útlánvísitöluna. Janúar 1998=100.

*Mynd 42. Ávöxtun langtímaskuldabréfa á VPÍ*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Ávöxtun miðað við hagstæðasta kaupþilboð viðskiptavaka í 10 ára og 15 ára spariskírteini og húsbref í lok síðasta viðskiptadags mánaðar. (Síndir eru eftirfarandi flokkar: RS10 0115, RS15 1001 og IBH22 1215)

*Mynd 43. Ávöxtun óverðtryggðra ríkisskuldabréfa*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Ávöxtun miðað við hagstæðasta kaupþilboð í u.þb. 2 ára og 5 ára ríkisbref (RIKB 03 1010 og RIKB 07 0209).

*Mynd 44. Verðbólguálag*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Mælikvarðar á verðbólguvæntingar eru annars vegar verðbólguvæntingar almennings og hins vegar verðbólguálag ríkisskuldabréfa. Væntingar almennings eru skv. könnun sem PriceWaterHouseCoopers gerir fyrir Seðlabankann þrisvar sinnum á ári, þar sem spurt er hver verðbólgan muni verða næstu 12 mánuði. Verðbólguálag ríkisskuldabréfa er mismunur ávöxtunar ríkisbréfa og spariskírteina svipaðrar tímallengdar. Annars vegar er reiknaður mismunur á bréfum til u.þb. 2 ára (RIKB 03 1010 og RIKS 03 0210) og hins vegar munur ríkisbréfa til um 5 ½árs og spariskírteina til 3 ½árs (RIKB 07 0209 og RIKS 05 0410.) Tölur eru í mánaðarlok tímabilið 1998-2000 en frá ársbyrjun 2001 eru sýndar daglegar tölur.

*Mynd 45. Skammtímaþvæxtir og vaxtamunur við útlönd*

Heimild: Seðlabanki Íslands. Munur 3 mánaða ríkisvixlavaxta á Íslandi og í viðskiptalöndunum. Skammtímaunþvæxtir reiknaðir sem þvæxtir í endurhverfum verðbréfakaupum Seðlabankans leiðréttir fyrir verðbólguálagi ríkisskuldabréfa. Vikulegar tölur.

*Mynd 46. Neysluverð*

Heimild: Hagstofa Íslands og Eurostat. 12 mánaða %-breyting neysluverðsvísitölu Hagstofunnar og samræmdrar neysluverðsvísitölu EES (Harmonized Index of Consumer Prices, HICP).

*Mynd 47. Neysluverðsvísitala eftir eðli og uppruna*

Heimild: Hagstofa Íslands. Sýndar eru 12 mánaða %-breytingar fjögurra undirliða neysluverðsvísitölunnar: vísitölu húsnæðis, innfluttra vara án áfengis og tóbaks, innlendra vara án búvöru og grænmetis og annarrar þjónustu. Til og með febrúar 1997 er grænmeti innifalið í liðnum innlendar vörur án búvöru og grænmetis. Frá og með mars 1997 breyttist sundurliðun Hagstofu og grænmeti var einnig undanskilið.